

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2022

## Strenglagning um Hamarsleirur – umsögn Múlaþings

RARIK þakkar fyrir umsögn Múlaþings.

Þverun Hamarsleira er eini hluti fyrirhugaðrar strengleiðar frá spennistöð við Djúpavog að Bragðavöllum sem er tilkynningaskyldur til Skipulagsstofnunar og því miðast tilkynningin eingöngu við þann hluta strenglagnarinnar.

Framkvæmdin við þverun Hamarsleira tekur einn dag eins og fram kemur í verklýsingu og er strengurinn plægður niður með þar til gerðu tæki. Ástæða þess að farið er um leirurnar, í stað þess að fara landleið liggar í áhrifum slíkrar vinnu á umhverfið sem er mjög grýtt á þessum stað, en reynslan hefur sýnt að ummerki um lagningu fjarskipta- og rafmagnsstrengja í leirum eru lítil sem engin. Það er mat RARIK að verkefnið muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar til lengri tíma litið og ekki teljandi áhrif á fugla og vistkerfi.

Undir þetta tekur Umhverfisstofnun í sinni umsögn dagsett 20. júní 2022:

*„Reynsla hefur sýnt að við framkvæmdir af þessu tagi hverfur plógfarið á nokkuð skömmum tíma. Þar sem sjávarfalla gætir mun plógfarið að öllum líkindum hverfa mun fyrr. Eins og fram kemur í greinargerð er þessi leið valin í stað þess að fara í gegnum klettabelti þar sem nauðsynlegt verður að fleyga eða sprengja til að koma strengnum niður. Umhverfisstofnun telur rétt að velja valkost sem liggar um leirurnar í stað þess að ráðast í aðgerðir á landi sem geta haft mikil jarðrask i för með sér.“*

*Ljósleiðari var plægður á sama stað árið 2020 og er Umhverfisstofnun ekki kunnugt um að ummerki um þá plægingu séu áberandi í dag.“*

Í umsögn Múlaþings er bent á að ekki sé fjallað um mótvægisáðgerðir og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti í kynningaríslu. RARIK mun mynda framkvæmdasvæðið í Hamarsleirum áður en verk hefst og aftur að verki loknu.

Í umsögninni er jafnframt bent á að sú ásýnd sem sýnd er á ljósmyndum gefi ekki nægilega skyra mynd af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, landslag sé hulið snjó á svæði sem er mjög snjólétt. Myndirnar sem fylgja tilkynningunni eru teknar við undirbúning hennar 18. mars 2022. Tilkynningin var send Skipulagsstofnun 9. maí 2022.

RARIK tekur undir ábendingu Múlaþings að það sé mikilvægt að farið verði eftir fyrirmælum Minjastofnunar eins og kveðið er á um í umsögn hennar.

Ekki verða reistar vinnubúðir vegna þeirrar vinnu sem þarna verður unnin.

Með kveðju,

**Haraldur Jónatan Klausen**  
Netrekstur RARIK á Austurlandi